

Reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VI).

1. gr.

Gildistaka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/492.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/492 frá 21. mars 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 skal öðlast gildi hér á landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) og bókun 37 við EES-samninginn, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum og bókun 1 við EES-samninginn.

Reglugerðin skal gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2018.

2. gr.

Efni.

Í reglugerð heilbrigðisráðherra verður kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar, nr. 442/2012 og heilbrigðisráðherra fer með.

Í reglugerð fjármála- og efnahagsráðherra verður kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (I)), nr. 443/2012 og fjármála- og efnahagsráðherra fer með.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar, nr. 442/2012, sem félags- og barnamálaráðherra fer með.

3. gr.

Fylgiskjöl.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2018 frá 5. desember 2018 sem birt er í EES viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 17 frá 28. febrúar 2019, bls. 1, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/492 sem birt er í EES viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 85 frá 20. desember 2018, bls. 110, eru birt sem fylgiskjöl með reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VI), nr. 286/2019.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 55. gr., sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 2. apríl 2019.

Svandís Svavarsdóttir.

Elsa B. Friðfinnsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.